

Nr.: GAT-045	Verkmenntaskólinn á Akureyri	
Útgáfa: 08		
Dags.: 30.08 2011	VEF3036 Kennsluáætlun vor 2014	
Höfundur: HRS		
Samþykkt:SHJ		
Síða 1 af 2		

Kennari:	Ragnheiður Þórsdóttir	Sk.stöfun:	RPÓ
-----------------	------------------------------	-------------------	------------

Undanfarar: VEF103, VEF203, BFR101 og HTL103

Áfangalýsing:

Í VEF 303 vefa nemendur nytjahluthluti og setja upp í vefstól með aðstoð kennara. Áhersla er lögð á að nemendur vinni með og þekki mismunandi vefnaðartegundir á 6 – 10 sköft s.s. daladregil, ormeldúk, ýmsar tegundir vaðmáls eða samsettar bindingar. Nemendur byrja að tileinka sér gildi uppistöðu og ívafs í mismunandi vefnaðaraðferðum. Nemendur temji sér sjálfstæð og öguð vinnubrögð.

Áfangamarkmið:

- **að** nemendur haldi áfram að tileinka sér útreikninga í vefnaði og læra að þekkja og lesa úr mismunandi vefnaðartegundum og munstrum og nota þær/þau í verkum sínum.
- **að** nemendur tileinki sér sjálfstæð vinnubrögð í verkefnavali og noti sem mest eigin hugmyndir í verkum sínum með hjálp bindifræðinnar til að útfæra þær.
- **að** nemendur geri sér grein fyrir mismunandi eiginleikum vefjarefna og fjölbreyttu notagildi þeirra.
- **að** nemendur noti áfram tölvuforritið Weave point í munsturgerð/hönnun, hugmyndavinnu og mögulegum tækniútfærslum fyrir vefstól.

Hugmyndir um verkefni:

Unnið með vefnað sem krefst 6-10 skafta vefstöls með gagnbindingu. Jafnþráðavefnaður s.s. salún, daladregill, vöfluvefnaður eða aðrar vefnaðartegundir sem krefjast ákveðinnar tæknikunnáttu. Skila skal möppu með vinnuteikningum, skissum, prufum og útreikningum á uppsettri voð.

Námsmat	Lýsing	Vægi
Prufur og uppskriftir	Prufumappa með uppskriftum	25 %
Ofið stykki	Vefnaður og frágangur	65 %
Frammistaða á önn	Ástundun og vinnubrögð	10 %

Vika	Námsefni
35 - 38	Áfanginn kynntur og nemendur ákveða verkefni í samráði við kennara. Útreikningar á slöngu og byrjað að rekja í uppistöðu. Prufugerð.
39 - 42	Uppsetning í vefstól, sköft og skammel bundin upp og byrjað að vefa.

Nr.: GAT-045	Verkmenntaskólinn á Akureyri	
Útgáfa: 08		
Dags.: 30.08 2011		
Höfundur: HRS		
Samþykkt:SHJ		
Síða 2 af 2	VEF3036 Kennsluáætlun vor 2014	

43 - 49	Voðin ofín. Frágangur og möppuvinna
---------	-------------------------------------

Athugið: Með vikunúmer er átt við vikur ársins eins og á dagatalinu í INNU, ef tími fellur niður af einhverjum ástæðum þá riðlast INNU vikurnar sem því nemur.

Tegund	Námsgögn
Bækur	Fagbækur í vefnaði, myndlist og textíl sem eru staðsettar í vefstofu. Bindifræði Sigríðar Halldórsdóttur og Weavepoint forritið fyrir vefnað, staðsett í vefstofu. Efni frá kennara.
Tímarit	Vefnaðartímarit sem staðsett eru í vefstofu.

Fjarvistir:

Fjarvistastig í þessum áfanga eru hámark 9 stig eða 9 kennslustundir. Ef að fjarvistir verða fleiri verða nemendur að leita til síns kennslustjóra og sækja um leyfi til áframhaldandi setu í áfanganum.

Innkaup:

Nemendur halda áfram með að setja hugmyndir, skissur, uppskriftir og prufur í möppu úr 103 og 203 VEF. Einnig er gott að vera með reiknivél og skriffæri. Efni er til staðar í skólanum og þurfa nemendur að kaupa það sjálfir. Efnisgjöld áfangans eru dregin frá þeirri upphæð.

Mjög mikilvægt er að nemendur vinni jafnt og þétt í tímum og á milli tíma til að ná settum markmiðum og árangri.

Verkefni sem ekki verða sótt á skiladegi annarinnar verða geymd í 1 ár án ábyrgðar!

Með fyrirvara um breytingar.

Ragnheiður Þórsdóttir

Netfang: ragga@vma.is

Dagsetning:

Undirritun kennara

Undirritun brautarstj., fagstj eða staðgengils